

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, nr. 18 22. apríl 1959.

Frá allsherjarnefnd.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
Í stað orðanna „Sambandi ísl. berklasjúklinga“ í 1. gr. laganna og sömu orða hvarvetna í lögnum kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Sambandi íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga.
2. Við 1. gr. er verði 2. gr. Greinin orðist svo:
3. gr. laganna, sbr. lög nr. 24/1989, orðast svo:
Heimild þessi gildir til ársloka 2007. Ágóða af happdrættinu skal varið til að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir Reykjalundar, endurhæfingarmiðstöðvar, til byggingar og rekstrar vinnustofu fyrir öryrkja og til annarrar félagsmálastarfsemi Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga sem viðurkennd er af ríkisstjórninni.
3. Við bætist ný grein er verði 3. gr., svohljóðandi:
Heiti laganna verður: **Lög um happdrætti fyrir Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga.**